

## **Gæði hjólaleiða: Greiðfærni, öryggi og umhverfi**

*Karl Benediktsson, HÍ*  
*Davíð Arnar Stefánsson, HÍ*

Í verkefninu verða könnuð viðhorf þeirra sem nota reiðhjól í daglegum samgöngum á höfuðborgarsvæðinu, til æskilegra eiginleika hjólaleiða. Þrír flokkar atvika verða kannaðir: Greiðfærni leiða, skynjað öryggi hjólreiðafólks við ólíkar aðstæður, og mat þess á umhverfi hjólaleiðanna. Þessum upplýsingum er teft saman við erlendar aðferðir til að útbúa gátlista sem gerir kleift að skrá og meta gæði hjólaleiða á kerfisbundinn hátt. Aðferðin verður prófuð á leiðum sem merktar eru á göngu- og hjólreiðakort höfuðborgarsvæðisins. Mat af þessu tagi getur nýst við skipulagsvinnu, stuðlað að hjólavænna umhverfi og því aukið fjölbreytni ferðamáta, eins og stefnt er að í áætlunum borgarinnar sem og í gildandi samgönguáætlun.